



# Hollustuvernd ríkisins

ENVIRONMENTAL AND FOOD AGENCY  
OF ICELAND

Nefndarsvið Alþingis  
Þórhamri v/ Templarasund  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 126/1262  
komudagur 19.2.2001

Reykjavík, 16.2.2001  
Tilv. 524 / kh

## Frumvarp til laga um tóbaksvarnir, 345. mál, markaðssetning tóbaksmengun o.fl.

Hollustuvernd ríkisins hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996. Stofnunin hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirlitinu í landinu og gegnir þar samræmingar- og upplýsingahlutverki.

Í því frumvarpi sem hér er til umsagnar er ljóst að verði það að lögum mun aðgengi tóbaks takmörkuð frá því sem nú er og mörg ákvæði verða hert til muna. Stofnunin er sammála því að sporna skuli eins og kostur er við neyslu tóbaks, ekki síst þar sem börn og unglingar eiga í hlut. Ber þar einnig að nefna að hverskonar „kostun“ er nú bönnuð verði frumvarpið að lögum. Bent skal jafnframt á að mörg þessara hertu ákvæða auka enn á eftirlitsskyldu og starf heilbrigðiseftirlitsins varðandi tóbaksvarnir.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga gegnir mikilvægu eftirlitshlutverki með lögum um tóbaksvarnir. Má þar nefna:

II. kafla laganna sem fjallar um sölu og auglýsingar og skal þar sérstaklega nefna ákvæði í 7. grein þar sem segir að “tóbak má hvorki selja né afhenda einstaklingum yngri en 18 ára”. Stofnunin er sammála þeirri stefnu, sem fram kemur í 2. málsgrein 7. greinar, að aðeins einstaklingar sem orðnir eru 18 ára mega selja tóbak Hins vegar er það ljóst að erfitt getur reynst að framfylgja þessu ákvæði vegna þeirra aldurshópa sem nú afgreiða í verslunum þar sem tóbak er til sölu. Ákvæði um undanþágu draga auk þess úr gildi þeirra. Stofnunin leggur því til að þessu ákvæði verði sleppt þar til komnar eru reglur um aldur þeirra sem mega afgreiða í verslunum sem selja tóbak og hann verði miðaður við 18 ár.

III. kafla sem fjallar um vernd gegn tóbaksmengun andrúmslofts en þar eru ákvæði um bann við tóbaksreykingum fjölmargra stofnana sem almenningur á aðgang að, þ.m.t. í skólum og hverskonar stofnunum sem ætlaðar eru börnum og unglingum.

Hollustuvernd ríkisins leggur til að setning reglna og reglugerða sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu verði hraðað og þær gerðar skýrar og aðgengilegar. Stofnunin leggur jafnframt til að aðlögun verði gefin að gildistöku ákvæða sem hafa í för með sér töluverða breytingu frá því sem nú er og bendir sérstaklega á eftirfarandi:

- Útgáfu starfleyfis vegna tóbakssölu sbr. 7. grein

Office address:  
Ármúla 1a  
108 Reykjavík

Postal address:  
P.O. Box: 8080  
IS-128 Reykjavík

Telephone:  
+ 354-585 1000

Telefax:  
+ 354-585 1010

Internet:  
www.hollver.is

Kennitala:  
490882-0149

## Hollustuvernd ríkisins


- Hertar kröfur um bann við tóbaksnotkun á veitingastöðum og öðrum stöðum vegna þátttöku í félagstarfsemi, sbr. 8. grein
- Tóbaksnotkun utanhúss á íþróttasamkomum, sbr. 8. grein.

Með því að veita tíma til aðlögunar og gefa út skýrar vinnureglur eru þeim sem ákvæðin beinast að gefin tækifæri til að koma á móts við breytt og hert ákvæði en mjög líklega þarf að gera ráðstafanir í sambandi við húsnæði á veitingastöðum og annarstaðar þar sem reykingar hafa verið leyfðar. Jafnframt veitir aðlögunartími eftirlitsaðilum ráðrúm til að kynna breytingar á lögnum og stuðla þannig að því að ákvæðin verði betur virt.

Virðingarfyllst,



Davíð Egilsson,  
forstjóri



Sigurbjörg Gísladóttir,  
forstöðumaður  
eiturefna- og hollustuverndarsviðs